



MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

Schola Akureyrensis

Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2005-2006

**Anna Sigríður Davíðsdóttir
Harpa Sveinsdóttir
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
Stefán Þór Sæmundsson
Þorbjörg Þorsteinsdóttir**

Efnisyfirlit

Bls.

1. Starf sjálfsmatsnefndar í Menntaskólanum á Akureyri skólaárið 2005-2006.....	3
2. Þróunarverkefnið <i>Lýðræðislegt sjálfsmat</i> :.....	4
2.1. Markmið.....	4
2.2. Skipulag og framkvæmd.....	4
2.3. Að innleiða lýðræðislegar sjálfsmatsaðferðir í MA.....	5
3. Heimavistarúttekt.....	7
3.1. Niðurstöður rýnihópa.....	8
3.2. Niðurstöður viðtala við umsjónarkennara.....	12
3.3. Skólasókn og einkunnir.....	13
3.4. Niðurstöður könnunar.....	14
4. Áfangamat.....	25
5. Litið yfir farinn veg.....	26
6. Úrbætur.....	28
7. Næstu skref í sjálfsmatinu.....	31
8. Heimildaskrá.....	33
Viðauki 1.....	34

1. Starf sjálfsmatsnefndar í Menntaskólanum á Akureyri skólaárið 2005-2006

Sjálfsmatsnefnd í MA fyrir skólaárið 2005-2006 skipuðu Anna Sigríður Davíðsdóttir, Harpa Sveinsdóttir, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir, Stefán Þór Sæmundsson og Þorbjörg Þorsteinsdóttir.

Í september var verkáætlun fyrir sjálfsmat skólans endurskoðuð (sjá fylgiskjöl) og starf vetrarins skipulagt.

Í október hófst vinna við þróunarverkefnið *Lýðræðislegt sjálfsmat*. Á síðasta skólaári sóttu sjálfsmatsnefndir MA og VMA um styrk til Þróunarsjóðs framhaldsskóla og fékkst styrkur að upphæð 500.000 kr. til þess að vinna þróunarverkefnið *Lýðræðislegt sjálfsmat*. Í þróunarverkefninu fólst tvennt, í fyrsta lagi að gera rækilega úttekt á nýjum nemendagörðum með því að nota viðurkenndar rannsóknaraðferðir og í öðru lagi að þróa sjálfsmatsaðferðir við MA og VMA. Ýmisleg samvinna við VMA og aðra framhaldsskóla, Heimavistarráð, starfsfólk heimavistar, foreldrafélög skólanna o.fl. fór fram í tengslum við þróunarverkefnið.

Í desember voru lagðar áfangakannanir fyrir nemendur í 2. og 4. bekk í raungreinum, íþróttum, lífsleikni og upplýsingatækni. Hver kennari fékk niðurstöður úr þeim áföngum sem hann kenndi og fylgdi starfsmannaviðtal við aðstoðarskólameistara í kjölfarið á áfangamatinu, þar sem kennara gafst tækifæri til þess að ræða kennslu sína og starf. Aðeins stjórnendur höfðu aðgang að þessum niðurstöðum, auk þess kennara sem um ræddi hverju sinni. Þrír rýnihópar voru settir á laggirnar í tengslum við athuginina á heimavistinni.

Í janúar og febrúar var áfram unnið að þróunarverkefninu. Niðurstöður rýnihópa voru kynntar fyrir Heimavistarráði, starfsfólki heimavistar, foreldrafélögum skólanna o.fl. Þorrastefna var haldin í byrjun febrúar þar sem Sigurlína Davíðsdóttir kynnti hugmyndafræði lýðræðislegs sjálfsmats fyrir starfsfólki MA.

Í mars var viðamikil könnun lögð fyrir nemendur heimavistar. Könnunin var rafræn og notast var við tilraunaforritið SPLIST í samstarfi við fyrirtækið Stefnu.

Í apríl og maí var unnið úr niðurstöðum heimavistarkönnunar og áfangakannanir lagðar fyrir 1. og 3. bekk í raungreinum, íþróttum, lífsleikni og upplýsingatækni. Unnið var úr niðurstöðum á sama hátt og á haustönn.

Í júní var unnið að umbótaáætlun, farið yfir starf sjálfsmatsnefndar yfir skólaárið og skýrsla skrifuð. Skila þurfti sérstakri skýrslu til Menntamálaráðuneytis um þróunarverkefni vetrarins.

2. Þróunarverkefnið *Lýðræðislegt sjálfsmat*

2.1. Markmið

Almennt má segja að aðalmarkmið með sjálfsmati yfirleitt sé að bæta skólastarfið, gera það markvissara og árangursríkara. Með því að þróa betri sjálfsmatsaðferðir var þannig stefnt að því að MA og VMA yrðu betur í stakk búnir til þess að meta veikleika og styrkleika skólanna og þar með að ákveða hvort og hvaða úrbóta er þörf.

Með það að leiðarljósi að þróa sjálfsmatsaðferðir skólanna, var ákveðið að notast við hugmyndafræði nokkurra fræðimanna og sérfræðinga sem rannsakað hafa sjálfsmat í skólum. Þessir fræðimenn eru m.a. D. M. Fetterman¹, Sigurlína Davíðsdóttir og P. Lisi² auk G. McNamara og J. O'Hara³. Í hugmyndafræði þessara fræðimanna er m.a. lögð áhersla á svokallaða valdeflingarnálgun (empowerment) sem í stuttu máli felur í sér að mikilvægt er að nota lýðræðislegar aðferðir í sjálfsmati og að allir starfsmenn taki þátt í því. Rök hafa verið færð fyrir því að ef kennarar ráða meiru um sjálfsmat síns skóla, er líklegra að árangurinn af sjálfsmatinu komi fram í vinnu þeirra og nýtist þar með nemendum betur. Auk þess er sjálfsmatið ekki eins ógnandi þegar það er runnið undan rótum kennaranna sjálfra í stað þess að koma frá stjórnendum. Einnig hefur verið bent á að samvinna við kennara verði betur tryggð með þessum hætti heldur en ella.

Í MA og VMA taka allir starfsmenn nú þegar þátt í sjálfsmati að því leyti að þeir taka þátt í spurningakönnunum (t.d. úr Framhaldsskólarýni, SVÓT-greiningum, o.fl.). Markmiðið með þróunarverkefninu er hins vegar að starfsmennirnir taki meiri þátt í því að móta sjálft sjálfsmatið, taki þátt í ákvörðunum um hvaða þætti skólastarfsins beri að meta hverju sinni, hvaða gagna eigi að afla og hvernig, hvernig eigi að vinna úr gögnunum og til hvaða aðferða eigi að grípa í því skyni að bæta skólastarfið.

2.2. Skipulag og framkvæmd

Haldnir voru sex fundir á skólaárinu með Dr. Sigurlínu Davíðsdóttur og Dr. Penelope Lisi, ýmist á Akureyri, í Reykjavík eða á Akranesi. Sigurlína og Lisi voru nokkurs konar leiðbeinendur sjálfsmatsnefnda MA og VMA í þróunarverkefninu, kynntu hugmyndafræði sjálfsmats, aðstoðuðu við skipulag þróunarverkefnisins, kynntu helstu aðferðir og veittu faglegan stuðning. Á fyrsta fundinum í september voru línurnar lagðar og þróunarverkefnið skipulagt. Ákveðið var að leggja áherslu á tvo meginþætti:

¹ Fetterman, D.M. 2001.

² Sigurlína Davíðsdóttir og P. Lisi. 2004.

³ McNamara, G. og O'Hara, J. 2004.

1. Að innleiða lýðræðislegar sjálfsmatsaðferðir í skólana.
2. Að skoða sameiginlega heimavist MA og VMA rækilega með því að nota viðurkenndar rannsóknaraðferðir.

2.3. Að innleiða lýðræðislegar sjálfsmatsaðferðir í MA

Sigurlína Davíðsdóttir kynnti hugmyndafræði lýðræðislegs sjálfsmats fyrir starfsfólki MA á Þorrostefnu í janúar. Eftir kynninguna var ákveðið að hver deild eða hópur starfsfólks tæki að sér að vinna lítið, afmarkað sjálfsmatsverkefni. Því var það í verkahring starfsmanna skólans að ákveða hvaða þætti starfsins væri brýnt að skoða og hvaða aðferðir væri heppilegast að nota til þess að afla gagna. Auk þess þurfti deildin að lesa úr gögnunum, túlka þau, ákveða hvað gera þyrfti í framhaldinu og að lokum átti námsgreinastjóri að gera grein fyrir niðurstöðunum í skýrslu námsgreinastjóra.

Á námsgreinastjórafundi í mars gerðu námsgreinastjórar grein fyrir hvaða sjálfsmatsverkefni hefðu orðið fyrir valinu og hvaða aðferðum deildin hyggðist beita í matinu. Eftirfarandi verkefni urðu fyrir valinu:

Sálfræði, félagsfræði, uppeldisfræði

Fyrirhugað var samstarf milli kennara í félagsfræði, sálfræði og uppeldisfræði. Hugmyndin var annars vegar sú að gera úttekt á nýtingu kennsluumsjónarkerfisins Angel í námi þessara greina og vera með litla nemendarynihópa í því skyni. Einnig ætluðu kennarar að samræma viðmót þessara greina í Angel.

Saga

Kanna átti boðskipti milli bókasafnsfræðinga og kennara.

Heimspeki

Ætlunin var að kanna árangur nemenda í nýju námsefni.

Stærðfræði

Gera átti tölfraðilega úttekt á STÆ 103, vinnulagi, prófum og stöðu nemenda og um leið meta forspárgildi kannana í áfanganum. Bera átti saman haustönn 2004 og haustönn 2005.

Þýska

Kanna átti mun á nemendum sem höfðu tekið þýsku í grunnskóla og þeim sem hófu þýskunám í MA. Einnig var í bígerð að skoða mun á árangri nemendanna.

Danska

Bera átti saman árangur þess hóps sem tók samræmt próf í dönsku og þeim sem sleppti því.

Líffræði

Kanna átti samskiptamáta (kurteisi) meðal kennara, starfsfólks og nemenda.

Íslenska

Námsmat átti að skoða í ritun og athuga hvernig hægt væri að gera námsmat í ritun markvissara.

Bókasafn og húsverðir

Kanna skyldi boðskipti innan skólans og leita leiða til úrbóta.

Íþróttir

Kanna átti í 3. bekk hvernig nýja valið hefði komið út og auk þess að gera tölfraeðilega úttekt á mætingu í íþróttum.

Jarðfræði/Landafræði

Hugmyndin var sú að skoða hvort nemendur kæmu verr út á prófi sem tekið væri á próförk en með innfyllingum á prentað próf.

Eðlisfræði

Bæta átti aðstöðu og gera áætlun um það sem þarf í búnaði.

Ferðamálafræði

Skoða átti hvaða áhrif nýtt kjörsvið FER hefur á máladeild.

Upplýsingatækni

Þar var í bígerð að fara í gegnum þann möguleika að skipta UTN í tvo áfanga á 1. ár og 3. ár. Heildarendurskoðun áfangans stóð fyrir dyrum.

Efnafræði

Athuga átti áhrif þess að bæta við prófum á önninni vegna sífellt minnkandi heimavinnu nemenda. Kennarar vildu komast að því hvort góð meðaleinkunn myndi haldast með því.

Enska

Ritunarþátt námsins átti að endurskoða með það að markmiði að auka ritfærni nemenda.

Franska

Gera átti úttekt á hvaða stigi nemendur í 2. bekk (og 3.A með frönsku sem 4. mál), FRA302 og 303 væru í hlustun samkvæmt viðmiðunarramma Evrópuráðsins. Einnig átti að kanna hvort það væri í samræmi við það sem drög að nýrri námskrá leggja upp með fyrir þessa áfanga, en nýja námskráin er byggð á þessum ramma. Í framhaldi af því átti að skoða hvort markmið námskrárinnar væru raunhæf og ef nemendurnir væru á lægra þrepi hvernig væri þá hægt að bæta úr því.

Ofantalin eru sem sagt þau sjálfsmatsverkefni sem deildirnar hugðust vinna síðastliðið skólaár. Áætlanir standast hins vegar ekki alltaf og í viðauka 1 er búið að taka saman úr skýrslum námsgreinastjóra það sem þeir skrifuðu um sjálfsmatsverkefnið. Í ljós kom að í sumum deildum var verkefnið aldrei unnið og í öðrum deildum breyttist og þróaðist verkefnið þegar á leið. Í einhverjum tilfellum er ekkert skrifað um niðurstöður sjálfsmatsins í skýrslu námsgreinastjóra og því óljóst hvort sjálfsmatsverkefnið var unnið eður ei.

3. Heimavistarúttekt

Ný, sameiginleg heimavist fyrir MA og VMA var tekin formlega í notkun haustið 2003. Um 330 nemendur búa á þessum nýju nemendagörðum í stað 160 nemenda sem áður bjuggu á „gömlu heimavistinni”, sem auk þess var aðeins fyrir nemendur MA. Miklar breytingar hafa þannig orðið á högum heimavistarbúa og því var ákveðið að nota aðferð sem Sigurlína Davíðsdóttir og Penelope Lisi kynntu fyrir sjálfsmatsnefndum skólanna og er kennd við „Action Research” til þess að kanna styrkleika og veikleika heimavistarinnar. Með „Action Research” er áhersla lögð á að gera rannsóknir í því skyni að koma á breytingum.⁴ Til þess að meta núverandi ástand, var ákveðið að nota fleira en eina aðferð við gagnaöflun en það veitir gleggri mynd og marktækari niðurstöður. Ákveðið var að hafa öryggi, líðan og sambúð skólanna tveggja sem rauðan þráð í matinu. Eftirfarandi aðferðir voru notaðar til þess að meta núverandi stöðu í málum heimavistarbúa:

- a) Rýnihópar. Þrír rýnihópar voru settir á laggirnar, tveir nemendahópar og einn hópur starfsmanna heimavistarinnar. Sjálfsmatsnefndir MA og VMA stýrðu rýnihópunum, eftir að hafa fengið leiðsögn hjá Sigurlínu og P. Lisi.
- b) Viðtöl við umsjónarkennara. Sjálfsmatsnefndirnar ræddu við umsjónarkennara 1. bekkjar í MA og VMA til þess að fá mynd þeirra af heimavistarlífinu. Umsjónarkennarar eiga að fylgjast með líðan og gengi nemenda sinna og þess vegna var valið að ræða við þá.
- c) Könnun. Gerð var könnun á hegðun og líðan heimavistarbúa. Könnunin var á tölvutæku formi, póstur með netslóð var sendur til allra heimavistarbúa. Íbúar þurftu þannig aðeins að smella á vefslóðina til þess að svara könnuninni. Könnunin var gerð í samstarfi við Heimavistarráð, foreldrafélög skólanna og starfsmenn heimavistarinnar og forprófuð af nokkrum fyrrverandi vistaríbúum. Niðurstöður rýnihópa voru notaðar til þess að útbúa spurningar í könnunina.

⁴ Sjá t.d. á <http://www.scu.edu.au/schools/gcm/ar/whatisar.html>

- d) Skólasókn og einkunnir heimavistarbúa og annarra nemenda voru bornar saman. Ákveðið var að skoða fyrst og fremst nemendur í 1. og 2. bekk í þessu skyni og nýta upplýsingar úr nemendaumsjónarkerfinu Innu.

3.1. Niðurstöður rýnihópa

Markmiðið með rýnihópunum var að fá fram viðhorf heimavistarbúa og starfsfólks heimavistar til ýmissa þátta sem snerta búsetu þar, s.s. líðanar nemenda, áhrifa á ákvarðanatöku, þjónustu, öryggis, sambúðar skólanna tveggja auk annarra þátta.

Rýnihóparnir voru þrír. Fyrsti rýnihópurinn kom saman 15. nóvember, annar 22. nóvember og sá síðasti 29. nóvember. Í fyrsta rýnihópnum voru heimavistarbúar á 1. og 2. ári, í öðrum rýnihópum voru heimavistarbúar á 3. og 4. ári og þriðji rýnihópurinn samanstóð af starfsfólki heimavistarinnar. Í rýnihópi 1 og 2 voru 6 nemendur en í rýnihópi 3 voru 5 starfsmenn. Tveir fulltrúar sjálfsmatsnefnda MA og VMA stjórnðu umræðum og skráðu helstu niðurstöður, auk þess sem umræðurnar voru teknar upp á spólu.

Hér á eftir eru niðurstöður flokkaðar í þrjá flokka: Í fyrsta flokkinn falla jákvæðar athugasemdir frá rýnihópunum sem eru athugasemdir þar sem fram kemur ánægja með ástandið eins og það er í dag. Í öðru lagi eru neikvæðar athugasemdir frá rýnihópunum, þar sem fram koma gagnrýni- eða óánægjuraddir með ríkjandi ástand og að lokum eru atriði til umhugsunar sem koma ýmist frá rýnihópunum eða sjálfsmatsnefndum.

Helstu niðurstöður urðu þessar:

a) Öryggi

Jákvætt:

Öryggisgæslan er passlega mikil og nemendum er ekki ógnað af öryggismyndavélum. Nemendur eru svo öruggir með eigin sínar að þeim þykir almennt ekki ástæða til þess að læsa herbergjum sínum. Ótrúlega fá tilvik hafa komið upp þar sem hlutir hafa horfið. Ekki er líklegt að nemendur geti „týnst“ á heimavistinni og ef það gerist þá er það af eigin ósk.

Nemendur eru ánægðir með þjónustu hjúkrunarfræðings.

Neikvætt:

Það er ekki nóg að hafa einn öryggisvörð á vakt eftir að vistin stækkaði. Á álagstímum verða að vera tveir á vakt ef vel á að vera.

Starfsmaður nefndi að mikið væri spurt um lækniþjónustu og þyrfti að gera upplýsingar um hana aðgengilegri.

b) Sambúð MA og VMA

Jákvætt:

Sambúð skólanna er góð, enginn alvarlegur rígur í gangi. Vinatengsl myndast oft óháð skóla.

Neikvætt:

Stríðni og kerskni kemur upp af og til en er þó alltaf á léttu nótunum.

Mismunandi prófatími er nokkuð vandamál, prófatíminn nær samtals yfir 6 vikur og það getur verið erfitt að hafa hemil á sér svona lengi. Þó töldu nemendur að fullt tillit væri tekið til þeirra sem væru í prófum hvað varðar hávaða og umgang.

c) Líðan nemenda

Jákvætt:

Nemendur una sér vel á vistinni, ekki fer fram mikið skipulagt félagslíf en nemendur „hanga mikið saman”, hittast á herbergjum, fara saman í bíó, o.s.frv.

Neikvætt:

Kvöldheimsóknir vilja dragast á langinn og það kemur oft niður á svefntíma vistarbúa sem oft eru ansi framlágir á morgnana, freistast jafnvel til þess að sofa áfram. Það er þó ákveðið aðhald að lokað er fyrir nettengingu kl. eitt að nóttu.

Betri sameiginlega aðstöðu vantar, s.s. teppi og sófa í setkrókum. Þetta lögðu bæði nemendur og starfsfólk mikla áherslu á að þyrfti að bæta.

d) Stjórnun og ákvarðanatáka

Jákvætt:

Auðvelt er að nálgast starfsfólk og ræða við það, það er upp til hópa lipurt og elskulegt. Sumir nemendur sögðu að athugasemdir þeirra væru alltaf teknar til skoðunar.

Neikvætt:

Sumir nemendur sögðu að ekki væri hlustað á þá. Skrifræðið væri mikið og erfitt að koma málum í framkvæmd. Tillögur um betri aðbúnað, s.s. ný húsgögn eða sjónvarp falli jafnan í grýttan jarðveg.

Nemendur töldu að skólarnir eigi að koma beint að stjórn Lundar og stjórnin eigi að sinna rekstrarlegum þáttum (stóru ákvarðanirnar) en daglegt amstur eigi að vera á könnu vistarráðs.

Starfsmenn töldu einnig að afskipti skólanna af heimavistinni þyrftu að vera meiri og verkaskipting skýrari. Skólarnir vita of lítið hvað fram fer á vistinni og skipta sér of lítið af. Nauðsynlegt er að skólastjórnendur líti annað slagið við á vistinni, ræði við heimavistarbúa og starfsfólk. Starfsfólk heimavistarinnar veit auk þess mikið um heimavistarlífið og ætti að hafa meira að segja í ákvarðanatökunni og vera í betra sambandi við skólastjórnendur.

Nemendur þekkja ekki hlutverk rekstrarstjóra og eiga erfitt með að skilja tilkynningar og bréf frá honum þar sem þau væru oft formleg, með tilvísunum í lög og reglugerðir.

Umhugsunatriði:

Nemendur voru ósammála um hvort þeir hefðu áhrif á þær ákvarðanir sem teknar væru. Sumir nemendanna höfðu setið í heimavistarráði og e.t.v. er það skýring á því hve upplifun þeirra er ólík. Hins vegar voru íbúar og starfsfólk sammála um að skólarnir þyrftu að skipta sér mun meira af því sem fram færi á heimavistinni. Þetta er því eitthvað sem nauðsynlegt er að taka til vandlegrar athugunar.

e) Herbergjaeftirlit

Jákvætt:

Herbergjaskoðunin veitir heimavistarbúum mikið aðhald og nemendur kváðust ánægðir með að fá alltaf að vita með fyrirvara þegar það er í vendum.

Neikvætt:

Nemendur nefndu að stundum væru starfsmenn of fljótir á sér að taka upp lykilinn og opnar dyrnar að herbergjum þeirra eftir að hafa bankað. Starfsmenn eiga sem sagt að bíða lengur, gefa nemendum meiri tíma til þess að svara og opna sjálfir fyrir þeim.

Umhugsunatriði:

Nemendur stungu upp á því að þeir sem ævinlega hafi sýnt hirðusemi og þrifnað fengju einhverja umbun, t.d. í formi lækkaðrar húsaleigu eða fengju að sleppa við næstu herbergjaskoðun.

Nemendur virðast gjarnan grípa tækifærið þegar starfsmaðurinn er kominn inn til þeirra til þess að ræða ýmislegt sem þeim liggur á hjarta. Sumir nemendur hafa þannig þörf fyrir að ræða við einhvern fullorðinn en leita samt ekki til starfsmanna að fyrri bragði. Það má því velta fyrir sér hvort hægt sé að nýta herbergjaeftirlitið á markvissari hátt til þess að ræða við íbúana. Hægt er t.d. að hugsa sér að starfsmenn ákveði fyrirfram einhver atriði til þess að ræða við heimavistarbúa og beri svo saman bækur sínar eftir á.

f) Mötuneyti

Jákvætt:

Alla jafna er góður heimilismatur í mötuneytinu að sögn nemenda. Starfsmenn telja að ánægja með matinn hafi aukist eftir að hádegismatur og kvöldmaður var gerður líkari (margir bara annaðhvort í hádegismat eða kvöldmat).

Neikvætt:

Nokkrir tiltóku sérstaklega að kartöflur væru oft vondar og fiskur fullbrasaður. Nemendum fannst afgreiðsla hefjast of seint í hádeginu, oft hefur myndast löng biðröð eftir matnum í hádeginu. Betra væri því að byrja 10-15 mínútum fyrr á að afgreiða matinn. Einnig fannst sumum nemendum afgreiðslutími mötuneytisins of stuttur um helgar.

Umhugsunatriði:

Tilvalið er að gera einhvers konar úttekt á næringargildi þess matar sem boðið er upp á í mötuneytinu.

g) Þvottahús

Jákvætt.

Starfsfólk er gott og lipurt. Þjónusta þvottahúss að mörgu leyti til fyrirmyndar, fátítt að föt glatist. Ýmsir hafa notað kvittanakerfið þegar um dýran fatnað er að ræða.

Neikvætt.

Fötin koma oft rafmögnuð úr þurrkaranum og eiga það til að hlaupa. Nemendur eru hræddir um að fatnaður þeirra tynist og vissu einhver dæmi um slíkt. Einhverjir nemendur fara heim til sín með þvottinn og þvo mest af sínum fötum þar.

Umhugsunaratriði.

Rýnihóparnir voru ekki sammála um þjónustu þvottahússins, fyrri hópurinn var jákvæðari og benti fyrst og fremst á kosti þjónustunnar á meðan seinni hópurinn var gagnrýnni.

h) Heimavistarreglur

Jákvætt:

Yngri nemendunum fannst reglurnar sanngjarnar, m.a. vegna þess að þær hygla ekki einum öðrum fremur.

Neikvætt:

Eldri nemendunum fannst reglurnar of stífar, fyndist eðlilegt að lögráða nemendur nytu meira frjálrsræðis en þeir sem eru yngri en 18 ára. Reglur um næturgesti eru sérstaklega strangar og nefndu nemendur það m.a. sem ástæðu fyrir því að þau hygðust ekki dvelja á vistinni alla skólagönguna.

Eitthvað er um að nemendur taki með sér gesti í mat á vistinni og gefi þeim ókeypis að borða í algjöru óleyfi.

i) Drykkja og vímuefnanotkun

Jákvætt

Nemendur telja að vímuefnanotkun heimavistarbúa sé ekki meiri en gengur og gerist hjá ungu fólki.

Neikvætt

Reykingar eru allmiklar og nemendum fannst að fjarlægja ætti skilti um framkvæmdarlok nemendagarðanna sem notað er sem reykskýli. Ekki höfðu nemendur þau neina lausn á því hvert ætti að vísa reykingafólki.

Umhugsunaratriði

Nemendur í öðrum rýnihópnum nefndu að þeir vildu gjarnan fá fíkniefnahund til þess að fara um heimavistina því þeir vissu um ákveðna einstaklinga sem neyta vímuefna.

j) Samskipti heimavistar og heimila

Neikvætt

Foreldrar hafa fremur lítil samskipti við starfsmenn heimavistar, helst þegar eitthvað hefur farið úrskeiðis eða til þess að fylgjast með veikindum barna sinna.

Umhugsunatriði:

E.t.v. væri hægt að taka upp eins konar skráningu á samtölum foreldra til starfsmanna. Þá væri skráð hve margir forráðamenn hafa samband, hvenær og hvert tilefnið er.

Það þarf að koma samskiptum við foreldra í einhvern ákveðinn farveg. Er eðlilegt að a.m.k. foreldrar ólögráða nemenda fái einhverjar upplýsingar um börn sín á hverri önn?

Þetta mætti kannski tengja miðannarmati. Einnig mætti gefa út fréttabréf.

Í starfsmannaráynihópnum kom fram sú hugmynd að hægt væri að gera samskipti við foreldra skilvirkari með því að nota umsjónarkennara sem milliliði. Hægt væri t.d. að nota umsjónarkennarafundi til þess að koma upplýsingum á framfæri til umsjónarkennara frá húsbónda heimavistar.

k) Nýja heimavistin

Jákvætt

Miklu betri herbergi, meira pláss.

Neikvætt

Fleiri nemendur á heimavistinni valda því að starfsfólk og íbúar hafa minni yfirsýn yfir það hverjir búa þar. Nú er hægt að tynast í hópnum sem áður var alls ekki hægt.

Meira er um það en áður að fólk sem ekki býr á heimavistinni leiti þangað. Starfsmenn hafa þurft að vísa aðkomunemendum af vistinni sem stundum eru ókurteisir og erfiðir í umgengni.

Samrekstur hótels og heimavistar á haustin gengur ekki nógu vel, þeir nemendur sem koma inn á vistina meðan hótelið er ennþá starfandi fá ekki viðunandi þjónustu, fá t.d. ekki herbergið sitt strax.

Umhugsunatriði:

Það þarf að taka betur á móti nemendum VMA á haustin. Sú hugmynd kom fram á meðal starfsfólk að nemendur hreinlega sleppi við að borga fyrir þessa fyrstu daga eða að þeir fái strax úthlutað sínu eigin herbergi, enda sé nemendum vel treystandi að vera á meðal hótलगesta þessa örfáu daga.

l) Annað

Í bígerð er að gefa út nokkurs konar heimavistarhandbók þar sem teknar hafa verið saman nauðsynlegar upplýsingar fyrir heimavistarbúa.

3.2. Niðurstöður viðtala við umsjónarkennara

Umsjónarkennarar í 1. og 2. bekk taka einstaklingsviðtöl við alla eða flesta nemendur sína og spyrja um líðan í skólanum og ýmsa aðra þætti. Eftirfarandi atriði drógu umsjónarkennarar fram í viðtölum sínum við vistarbúa.

1. Ekkert bendir til þess að heimavistarbúum líði verr en öðrum nemendum.
2. Nokkuð ber á því að nemendur á heimavistinni læri síður heima en aðrir. Þó sögðu sumir nemendur að gott væri að læra á vistinni, þá væri hægt að fá aðstoð og hjálp frá öðrum.
3. Hjúkrunarfræðingur er við tvisvar í viku á heimavistinni en það er spurning hvort hægt sé að auka það í fjögur skipti.
4. Nemendur á 1. ári mæta ekki oft of seint en á því ber með eldri nemendum af vistinni.
5. Foreldrar virðast hafa nokkrar áhyggjur af því hvort börn sín sofi nægilega mikið, borði hollan mat, eigi vini, o.s.frv.
6. Engar vísbendingar eru um að áfengisneysla eða reykingar séu með öðrum hætti en hjá öðrum nemendum skólans.
7. Nemendur á vistinni eru í góðum málum miðað við þá sem búa einir út í bæ og lúta engu eftirliti.

3.3. Skólasókn og einkunnir

Skoðuð var skólasókn og einkunnir nemenda í MA í 1. og 2. bekk á haustönn 2005. Niðurstöður urðu í stuttu máli þær að ekki er grundvallarmunur á frammistöðu nemenda í þessum efnum eftir því hvort þeir búa á heimavist eða í foreldrahúsum.

Þó er einhver munur þarna á og má nefna að piltar sem búa á heimavist standa sig ívíg verr en þeir piltar sem búa í foreldrahúsum. Meðaleinkunn stráka í 1. bekk á heimavist er þannig 6,7 á meðan meðaleinkunn þeirra sem búa í skjóli foreldra sinna er 7,1. Skólasókn er einnig lakari hjá þeim strákum sem búa á heimavist heldur en hjá samanburðarhópnum. Munurinn á stúlkunum í 1. bekk er hins vegar minni og í 2. bekk er meðaleinkunn stúlkna á heimavist hærra en meðaleinkunn stúlkna sem búa í heimahúsum. Það er umhugsunarvert af hverju þessi kynjamunur er, hver ætli ástæðan sé fyrir því að strákar virðist þola verr það frjálsræði sem óneitanlega fylgir því að flytja úr heimahúsum og á heimavist? Þó má ekki draga of miklar ályktanir af þessum niðurstöðum, líta verður á þær sem vísbendingar fremur en endanlegar niðurstöður. Nauðsynlegt er að skoða

Þessar tölur á næstu árum til þess að sjá hvort sami munur á hópunum kemur fram eða hvort um „eðlilegar“ árssveiflur er að ræða.

Samskonar úttekt á skólasókn og einkunnum nemenda fæddra 1988 og 1989 var gerð í VMA. Saman voru bornir þrír hópar, nemendur á heimavist, utanbæingar utan heimavistar og nemendur á Akureyri. Jafnframt voru gögnin greind eftir kyni og fæðingarári. Þegar mætingahlutfall var skoðað kom í ljós að 89 heimavistarbúar mættu að meðaltali í tæplega 91% tíma á meðan að mætingahlutfall 138 utanbæinga utan heimavistar var rúmlega 88%. Þegar nánar er að gáð kemur í ljós að munurinn liggur hjá 88 árgangnum fremur en 89. Samskonar munur á hópunum kemur fram þegar einkunnir nemenda voru skoðaðar. Meðaleinkunn heimavistarnemenda var 6,25 meðan sambærileg tala fyrir þá sem bjuggu utan heimavistar var tæplega 5,8. Nemendur VMA með lögheimili á Akureyri liggja síðan á milli þessara tveggja hópa sem hér hefur verið gerð grein fyrir, bæði hvað varðar einkunnir og mætingar. Í þeim tveimur töflum sem hér fylgja birtist þessi munur sem hér hefur verið gerð grein fyrir auk þess sem þær sýna að bæði aldur og kyn hefur ákveðin áhrif á þessar tvær breytur.

Meðaleinkunn í VMA eftir kyni, fæðingarári og búsetu:

Búseta	kk	kvk	Allir
Akureyri	5,92	6,23	6,06
Utanbæingar utan heimavistar	5,71	5,86	5,78
Heimavist	5,99	6,72	6,25
Alls	5,88	6,18	6,01

Skólasókn í VMA eftir kyni, fæðingarári og búsetu.

Búseta	Fæddir 1988	Fæddir 1989	Allir
Akureyri	86,44	92,29	89,74
Utanbæingur utan heimavistar	85,68	92,20	88,23
Heimavist	88,60	92,09	90,72
Alls	86,49	92,23	89,47

3.4. Niðurstöður könnunar

Hér á eftir eru niðurstöður könnunar sem send var öllum nemendum heimavistar í mars 2006. Könnunin var á rafrænu formi og var netslóð send íbúum í tölvupósti. Nóg var að smella á netslóðina til þess að svara könnuninni. Spurningarnar voru bæði opnar og lokaðar.

- Þýði: 289 heimavistarbúar
- 183 frá MA

- 106 frá VMA
- Af þeim svöruðu 172 eða 60%
- Svörun í MA: 69%
- Svörun í VMA: 42%

Kyn?

Karl 84 (49%)

Kona 87 (51%)

Skóli?

MA 126 (73%)

VMA 44 (26%)

Ertu lögráða (orðin/n 18 ára) eða ólögráða?

Lögráða 63 (37%)

Ólögráða 108 (63%)

Hvar áttu lögheimili?

Á Eyjafjarðarsvæðinu 36 (21%)

Utan Eyjafjarðar 133 (77%)

Áttu góðan vin á heimavistinni?

Já, fleiri en 2 141 (82%)

Já, 1-2 19 (11%)

Ég á kunningja þar en enga góða vini 9 (5%)

Ég á hvorki kunningja þar né vini 1 (1%)

Hversu oft ferð þú heim á hverri önn?

Um hverja helgi 44 (26%)

1-2 sinnum í mánuði 41 (24%)

Nokkrum sinnum á önn 47 (27%)

Bara í skólafríum 38 (22%)

Hversu oft hefur þú samband við foreldra þína?

Daglega eða oft 28 (16%)

Annan hvern dag 64 (37%)

Tvisvar í viku 59 (34%)

Vikulega eða sjaldnar 19 (11%)

Finnst þér þú geta leitað til einhverra starfsmanna heimavistarinnar með persónuleg mál?

Já 18 (10%)

Óviss 57 (33%)

Nei 94 (55%)

Hefur þú orðið var/vör við einelti gagnvart nemendum á heimavistinni?

Oft 1 (1%)
Stundum 6 (3%)
Sjaldan 35 (20%)
Aldrei 128 (74%)

Ef þú hefur orðið var/vör við einelti, hvernig brást þá starfsfólk heimavistarinnar við?

Starfsfólkið brást ekki við enda vissi það ekki af eineltinu 19 (11%)
Starfsfólkið brást ekki við jafnvel þó það vissi af eineltinu 2 (1%)
Starfsfólkið greip til aðgerða í því skyni að stöðva eineltið 1 (1%)
Veit ekki 50 (29%)
Annað. Hvað? 2 (1%)

Verður þú fyrir ónæði af völdum herbergisfélaga (eða gestum hans)?

Oft 9 (5%)
Stundum 28 (16%)
Sjaldan 28 (16%)
Aldrei 49 (28%)
Er ein/n í herbergi 56 (33%)

Hvenær ferð þú oftast að sofa á kvöldin, virka daga?

21:00-22:00 0 (0%)
22:00-23:00 13 (8%)
23:00-24:00 66 (38%)
24:00-1:00 73 (42%)
1:00-2:00 15 (9%)
Eftir klukkan 2:00 3 (2%)

Finnst þér íbúar virða næðistímamann?

Alltaf 9 (5%)
Oftast 81 (47%)
Stundum 55 (32%)
Sjaldan 16 (9%)
Aldrei 9 (5%)

Finnst þér óþægindi fylgja mismunandi próftíðum skólanna?

Oft 49 (28%)
Stundum 52 (30%)
Sjaldan 39 (23%)
Aldrei 29 (17%)

Hvað gerir þú þegar þú verður fyrir ónæði á heimavistinni?

Hef aldrei orðið fyrir ónæði á heimavistinni 23 (13%)

Kvarta við starfsmenn heimavistar 27 (16%)

Kvarta við þá sem ónæðinu valda 41 (24%)

Ekki neitt 61 (35%)

Annað. Hvað? 17

Hvað finnst þér um afgreiðslutíma mötuneytisins í hádeginu á virkum dögum?

Hann er hæfilega langur 121 (70%)

Hann er of stuttur 43 (25%)

Hvað finnst þér um matinn í mötuneytinu?

Hann er nær alltaf góður 9 (5%)

Hann er oftast góður 40 (23%)

Hann er stundum góður 60 (35%)

Hann er sjaldan góður 45 (26%)

Hann er nær aldrei góður 13 (8%)

Hversu hollan eða óhollan telur þú matinn vera?

Hann er nær alltaf hollur og næringarríkur 7 (4%)

Hann er oftast hollur og næringarríkur 61 (35%)

Hann er stundum hollur og næringarríkur 70 (41%)

Hann er sjaldan hollur og næringarríkur 27 (16%)

Hann er nær aldrei hollur og næringarríkur 2 (1%)

Hversu oft sleppir þú máltíðum í mötuneytinu sem þú hefur borgað fyrir?

Sjaldnar en einu sinni í mánuði 15 (9%)

1-2 sinnum í mánuði 30 (17%)

3-4 sinnum í mánuði 32 (19%)

1-2 sinnum í viku 44 (26%)

Oftar en 2 sinnum í viku 48 (28%)

Myndir þú vilja hafa meira úrval af réttum í mötuneytinu þó að verðið á matnum gæti hækkað í kjölfarið?

Já 21 (12%)

Óviss 60 (35%)

Nei 88 (51%)

Hafa fötin þín einhvern tímann glatast í þvottahúsi heimavistar?

Oftar en einu sinni 55 (32%)

Einu sinni 56 (33%)

Aldrei 58 (34%)

Hversu mikið nýtir þú þér þjónustu þvottahússins?

Þvæ þar öll mín föt 59 (34%)
Þvæ þar flest mín föt 82 (48%)
Þvæ sjaldan fötin þar 19 (11%)
Þvæ aldrei fötin þar 7 (4%)

Hafa fötin þín einhvern tímann skemmst (t.d. hlaupið, teygst, aflitast) í þvottahúsi heimavistar?

Oftar en einu sinni 88 (51%)
Einu sinni 32 (19%)
Aldrei 49 (28%)

Hefur þú geymt áfengi inni á heimavistinni?

Oftar en einu sinni 29 (17%)
Einu sinni 21 (12%)
Aldrei 119 (69%)

Hefur þú neytt áfengis inni á heimavistinni?

Oftar en einu sinni 19 (11%)
Einu sinni 22 (13%)
Aldrei 126 (73%)

Hefur þú geymt ólögleg vímuefni inni á heimavistinni?

Oftar en einu sinni 2 (1%)
Einu sinni 1 (1%)
Aldrei 164 (95%)

Hefur þú neytt ólöglegra vímuefna inni á heimavistinni?

Oftar en einu sinni 2 (1%)
Einu sinni 0 (0%)
Aldrei 167 (97%)

Hefur þú komið drukkin/n inn á heimavistina?

Oftar en einu sinni 80 (47%)
Einu sinni 11 (6%)
Aldrei 77 (45%)

Hefur þú reykt inni á heimavistinni?

Oftar en einu sinni 3 (2%)
Einu sinni 1 (1%)
Aldrei 165 (96%)

Veistu til þess að dreifing eða sala á fíkniefnum hafi átt sér stað á heimavist eða fyrir utan hana?

Já, örugglega 19 (11%)
Held það 22 (13%)
Held ekki 16 (9%)
Nei, örugglega 15 (9%)
Veit ekki 96 (56%)

Hefur þú tekið með þér gest í mötuneytið og gefið honum ókeypis að borða?

Oftar en einu sinni 18 (10%)
Einu sinni 23 (13%)
Aldrei 128 (74%)

Ertu sammála eða ósammála því að nauðsynlegt sé að hafa sérstaka fræðslu fyrir vistarbúa um forvarnir?

Mjög sammála 9 (5%)
Frekar sammála 19 (11%)
Hvorki sammála né ósammála 65 (38%)
Frekar ósammála 37 (22%)
Mjög ósammála 39 (23%)

Ertu örugg/ur eða óörugg/ur um eigur þínar á heimavistinni?

Mjög örugg/ur 33 (19%)
Frekar örugg/ur 85 (49%)
Hvorki örugg/ur né óörugg/ur 26 (15%)
Frekar óörugg/ur 20 (12%)
Mjög óörugg/ur 2 (1%)

Ertu sátt/ur eða ósátt/ur með notkun öryggismyndavéla eins og nú er?

Mjög sátt/ur 36 (21%)
Frekar sátt/ur 37 (22%)
Hvorki sátt/ur né ósátt/ur 56 (33%)
Frekar ósátt/ur 22 (13%)
Mjög ósátt/ur 17 (10%)

Hefur þú leitað til hjúkrunarfræðingsins á heimavistinni?

Nei, ég myndi aldrei gera það 17 (10%)
Nei en ég myndi nýta mér þjónustu hans ef á þyrfti að halda 83 (48%)
Ég hef reynt það en náði ekki af honum 13 (8%)
Já, ég hef haft samband við hann einu sinni 37 (22%)
Já, ég hef haft samband við hann oftari en einu sinni 18 (10%)

Ef þú hefur þurft á lækni að halda, hvert leitaðir þú þá?

Hér má merkja við fleiri en einn svarmöguleika
Hef ekki þurft á lækniþjónustu að halda 57 (33%)
Til hjúkrunarfræðings á heimavistinni 32 (19%)

Til skólalæknis 22 (13%)
Til slysadeildarinnar 37 (22%)
Á heilsugæslustöð í opna tíma 66 (38%)
Annað, hvert? 21 (12%)

Ef ég kem með kvartanir eða athugasemdir til starfsmanna heimavistar

Mæti ég oftast sanngirni og á mig er hlustað 27 (16%)
Mætir mér oftast jákvætt viðhorf en ég hef lítil áhrif á gang mála 47 (27%)
Mætir mér oftast ósanngirni og/eða tómlæti 29 (17%)
Ég hef ekki komið með hugmyndir eða tillögur til starfsmanna heimavistar 66 (38%)

Ef ég hef þurft að leita til framkvæmdastjóra heimavistarinnar

Mæti ég oftast sanngirni og á mig er hlustað 15 (9%)
Mætir mér oftast jákvætt viðhorf en ég hef lítil áhrif á gang mála 19 (11%)
Mætir mér oftast ósanngirni og/eða tómlæti 25 (15%)
Ég hef ekki þurft að leita til framkvæmdastjóra heimavistarinnar 109 (63%)

Hvernig hafa samskipti þín verið við starfsfólk mötuneytis?

Oftast góð 148 (86%)
Misjöfn 16 (9%)
Oftast slæm 4 (2%)

Hvernig hafa samskipti þín verið við starfsfólk þvottahúss?

Oftast góð 161 (94%)
Misjöfn 7 (4%)
Oftast slæm 0 (0%)

Hvernig hafa samskipti þín verið við húsbónda heimavistar?

Mjög góð 49 (28%)
Frekar góð 75 (44%)
Hvorki góð né slæm 23 (13%)
Frekar slæm 17 (10%)
Mjög slæm 5 (3%)

Hvernig hafa samskipti þín verið við öryggisverði?

Oftast góð 105 (61%)
Misjöfn 57 (33%)
Oftast slæm 5 (3%)

Hvernig hafa samskipti þín verið við ræstitækna?

Oftast góð 149 (87%)
Misjöfn 19 (11%)
Oftast slæm 1 (1%)

Ertu ánægð/ur eða óánægð/ur með störf heimavistarráðs?

Mjög ánægð/ur 42 (24%)
Frekar ánægð/ur 65 (38%)
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur 50 (29%)
Frekar óánægð/ur 9 (5%)
Mjög óánægð/ur 3 (2%)

Verður þú vör/var við afskipti skólayfirvalda af málefnum heimavistar?

Oft 6 (3%)
Stundum 26 (15%)
Sjaldan 57 (33%)
Aldrei 79 (46%)

Er gagn að herbergjaskoðuninni?

Hér má merkja við tvo svarmöguleika

Já, hún hvetur mig til góðrar umgengni 119 (69%)
Já, hún er gott tækifæri til að ræða við starfsmenn heimavistar 12 (7%)
Nei, hún skiptir engu máli fyrir mína umgengni 52 (30%)

Hvernig er netsambandið á heimavistinni?

Mjög gott 15 (9%)
Frekar gott 56 (33%)
Veit það ekki 21 (12%)
Frekar slæmt 45 (26%)
Mjög slæmt 31 (18%)

Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með aðstöðu í sameiginlegu rými?

Mjög ánægð/ur 21 (12%)
Frekar ánægð/ur 68 (40%)
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur 58 (34%)
Frekar óánægð/ur 12 (7%)
Mjög óánægð/ur 8 (5%)

Ef þú ert óánægður með aðstöðuna, hvað ertu þá óánægður með?

Vantar sameiginlegt rými – s.s. setustofu, sófa, sjónvarp (15)
Tómstundatæki vantar eða eru í ólagi – þythokki, fótboltaspil, billiardborð, sjónvarp (11)
Aðbúnaður á herbergjum (7)
Tölvumál (3)

Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með umgengni á heimavistinni?

Mjög ánægð/ur 8 (5%)
Frekar ánægð/ur 59 (34%)
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur 56 (33%)
Frekar óánægð/ur 36 (21%)
Mjög óánægð/ur 8 (5%)

Ef þú ert óánægð/ur með umgengina, hvað ertu þá óánægð/ur með?

Skemmdarverk - skilti, skóför, krot, rusl (23)

Umgengni um mötuneyti (14)

Umgengni um ganga – rusl, matarleyfar (12)

Umgengni um lyftu (9)

Rusl inni á vistinni (6)

Lóð heimavistar (5)

Annað – reykingar, útiskór, o.fl (14)

Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með upplýsingagjöf á heimavistinni?

Mjög ánægð/ur 14 (8%)

Frekar ánægð/ur 54 (31%)

Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur 80 (47%)

Frekar óánægð/ur 15 (9%)

Mjög óánægð/ur 2 (1%)

Hvernig finnst þér sambúð MA og VMA hafa gengið á heimavistinni? Merktu við tölu frá 1-10 þar sem 1 merkir mjög illa og 10 merkir mjög vel.

1	(mjög illa) 5 (3%)
2	8 (5%)
3	6 (3%)
4	3 (2%)
5	17 (10%)
6	12 (7%)
7	30 (17%)
8	39 (23%)
9	20 (12%)
10	(mjög vel) 29 (17%)

Meðaltalið var 7,1.

Hvernig líður þér á heimavistinni? Merktu við tölu frá 1-10 þar sem 1 merkir mjög illa og 10 merkir mjög vel.

1	(mjög illa) 3 (2%)
2	1 (1%)
3	4 (2%)
4	7 (4%)
5	6 (3%)
6	11 (6%)
7	29 (17%)
8	44 (26%)
9	39 (23%)
10	(mjög vel) 23 (13%)

Meðaltalið var 7,6.

Hversu gott næði hefur þú á heimavistinni til þess að læra heima? Merktu við tölu frá 1-10 þar sem 1 merkir mjög slæmt en 10 mjög gott

1	(mjög slæmt) 4 (2%)
2	1 (1%)
3	8 (5%)
4	17 (10%)
5	13 (8%)
6	19 (11%)
7	26 (15%)
8	35 (20%)
9	29 (17%)
10	(mjög gott) 16 (9%)

Meðaltalið var 6,9.

Kemur fyrir að þú missir af kvöldmatnum vegna skipulagðs tómstundastarfs?

Sjaldnar en einu sinni í mánuði 69 (40%)

1-2 sinnum í mánuði 19 (11%)

3-4 sinnum í mánuði 21 (12%)

Oftar en einu sinni í viku 31 (18%)

Er ekki í kvöldmat 29 (17%)

Hvernig fannst þér að búa á heimavistinni þá daga sem Hótel Edda var ennþá starfandi?

Hótelstarfsemin hafði jákvæð áhrif 8 (5%)

Hótelstarfsemin hafði engin sérstök áhrif 30 (17%)

Hótelstarfsemin hafði neikvæð áhrif 13 (8%)

Ég hef ekki reynslu af því að búa á heimavistinni þá daga sem hótelið var ennþá starfandi 108 (63%)

Hvernig tók starfsfólk á móti þér þegar þú komst á heimavistina í haust?

Aðeins þeir sem komu nýir inn á heimavistina haustið 2005 eiga að svara þessari spurningu.

Mjög vel 42 (24%)

Frekar vel 33 (19%)

Hvorki vel né illa 27 (16%)

Frekar illa 2 (1%)

Mjög illa 3 (2%)

Getur þú nefnt eitthvað sem þú ert sérstaklega ánægð/ur með á heimavistinni?

Aðbúnaður – herbergi, sjónvarp, net (28)

Starfsfólk (22)

Matur, mötuneyti (9)

Sveigjanleiki í reglum (7)

Félagsskapur (6)

Þvottahús (5)

Öryggi (4)

Getur þú nefnt eitthvað sem þú ert sérstaklega óánægð/ur með á heimavistinni?

Starfsfólk - viðmót, framkoma (26)

Aðbúnaður, aðstaða (21)

Mötuneytið, matur (18)

Reglur – lokunartími, gestir (17)

Netið (17)

Andrúmsloft, stofnanabragur (10)

Kostnaður (8)

Þvottahús (8)

Sambúð skólanna (7)

4. Áfangamat

Skólaárið 2005-2006 var hringnum lokað í því áfangamati sem farið var af stað með haustið 2003 og þær greinar teknar fyrir sem eftir voru, íþróttir, lífsleikni, landafræði, upplýsingatækni og raungreinar (efnafræði, eðlisfræði og líffræði). Einnig voru kannanir lagðar fyrir í ensku hjá kennara sem verið hafði í leyfi árið áður þegar matið var gert í tungumálum. Kannanirnar voru lagðar fyrir í 1. og 3. bekk í byrjun desember í 13 áföngum hjá 13 kennurum og í byrjun maí í 2. og 4. bekk í 11 áföngum hjá 13 kennurum. Líkt og fyrir var miðað við að hver bekkur svaraði að hámarki þremur könnunum og hver kennari fengi a.m.k. eina könnun í sinni grein. Kennarar fengu niðurstöðurnar um þremur vikum síðar.

Áfangar á haustönn voru: EÐL303, EFN313, ENS212, ENS603, ENS613, ÍÞR201, ÍÞR401, LAN103, LÍF203, LKN101, LKN111, NÁT103, NÁT123

Áfangar á vorönn voru: EÐL203, EFN203, ÍÞB311, ÍÞJ311, ÍÞR111, ÍÞÚ311, LÍF113, LÍF323, LKN121, NÁT113, SUN311, UTN102, VÍS103

Ákveðið var að nota kennslukerfið Angel við áfangamatið enda hafði Kanni ekki gefist sérlega vel. Sjálfsmatsnefndin samdi spurningarnar en notaði mikið úr fyrri könnunum. Kennurum var einnig boðið að semja eigin spurningar og laga þær að áföngunum en

nýttu það afar illa. Það voru aðallega íþróttakennarar sem bættu við spurningum og vildu fá skoðun nemenda á breyttu fyrirkomulagi í íþróttakennslu á þriðja ári. Alls voru spurningarnar 21, auk tveggja opinna spurninga en þar gátu nemendur nefnt jákvæð og neikvæð atriði við áfangann. Angel reyndist vel á fyrri önn en ýmislegt fór úrskaiðis á þeirri seinni og voru sumar kannanirnar ómarktækar vegna þess að fá svör vistuðust. Það er einnig galli við Angel að kennarar sjá eingöngu niðurstöður úr eigin áföngum en ekki samanburð við aðra áfanga.

Viðtöl voru tekin í janúar og febrúar en ekki voru tekin viðtöl við alla starfsmenn á vorönn og voru ýmsar ástæður fyrir því. Það þarf þó að vera tryggt að öllum starfsmönnum sé gefinn kostur á að koma í viðtal og ræða matið.

Niðurstöðurnar úr áfangamatinu voru í grófum dráttum svipaðar og áður. Mikill meirihluti nemenda er ánægður með viðmót kennarans og undirbúning hans, heimavinnu og álag í áfanganum telja þeir sjaldnast vera of mikið. Skiptari skoðanir eru um hvort kennsluaðferðir séu árangursríkar, hvort kennarinn geri námið áhugavert og hvort námsefni er áhugavert. Samskipti nemenda og kennara virðast yfirleitt vera mjög góð en afstaðan er blendnari þegar kemur að námsefninu og kennslunni sjálfri. Nemendur voru býsna duglegir að svara opnu spurningunum og þótt oft séu þau svör nokkuð tilfinningahlaðin er vafalaust ýmsar gagnlegar ábendingar að finna þar líka.

Sjálfsmatsnefndar bíður það verkefni að fara yfir áfangamat síðustu þriggja ára. Nauðsynlegt er að svara ýmsum spurningum sem snúa að fyrirkomulagi kannananna; vali á forriti sem er hæfilega einfalt en gefur þó möguleika á samanburði og ýmis konar úrvinnslu og til hvers nota eigi þessar kannanir. Eiga þær eingöngu að vera fyrir hvern einstakan kennara eða þarf úrvinnslan að vera með þeim hætti að hægt sé að birta almennari niðurstöður og jafnvel samantekt fyrir hvern námsgreinastjóra svo hægt sé að nota áfangamatið sem innlegg í faglega umræðu? Áður en nýr hringur hefst í áfangamati þarf því hvort tveggja að meta hvernig til hefur tekist og móta nýja stefnu, e.t.v. í samvinnu við kennara.

5. Litið yfir farinn veg

Það sem áunnist hefur að öllu eða einhverju leyti:

Í skýrslu sjálfsmatsnefndar veturinn 2004-2005 voru settar fram ýmsar tillögur til úrbóta. Sumar tillagnanna hafa náð fram að ganga, unnið er að öðrum þeirra en þó eru nokkrar tillögur sem hafa þurft að bíða betri tíma.

Þær úrbótatillögur sem hafa náð fram að ganga a.m.k. að einhverju leyti eru eftirfarandi:

1. Námskrárumræðunni hefur vissulega verið haldið áfram innan skólans þó svo að námskráin sjálf eða ferlar brauta hafi ekki enn verið teknir skipulega til

endurskoðunar. Næsta skólaár er það hins vegar fyrirhugað, þá verða starfshópar stofnaðir í því skyni að ræða breytta ferla, lengd kennslustunda o.fl.

2. Upplýsingastreymi til foreldra hefur aukist eins og bent var á að þyrfti í síðustu sjálfsmatsskýrslu. Miðannarmat var tekið upp í 1. bekk og verður einnig tekið upp í 2. bekk á næsta skólaári. Auk þess voru gefin út fréttabréf sem send voru til foreldra nemenda í 1. bekk. Upplýsingabæklingur sem sendur er árlega til foreldra nýnema var einnig endurbættur mikið.
3. Unnið var ötullega að því að þróa stærðfræðina í skólanum á síðasta kennsluári. Það leiddi meðal annars af sér að ákveðið var að breyta ferlum í stærðfræði á þann hátt að auka mun á byrjunaráföngum í stærðfræði eftir brautum. Ferlum á félagsfræði- og málabraut var því breytt í tveggja eininga áfanga í stað þriggja. Einnig hefur val nemenda aukist í stærðfræði á náttúrufræðibraut, þeir geta nú valið á milli a- og b-línu í stærðfræði.
4. Endurmenntunarmál eru kominn í betri farveg. Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri í endurmenntun sem skipuleggur endurmenntun starfsmanna, kemur námskeiðum á laggirnar og fær fyrirlesara í skólann. Ekki hefur verið gerð heildstæð endurmenntunaráætlun til margra ára en verkefnisstjórinn hefur gert grein fyrir skipulagi endurmenntunar skólaársins í upphafi þess.
5. Þjónusta þvottahúss hefur verið bætt að því leyti að nú er hægt að fá kvittun fyrir fatnaði sem þveginn er þar. Borið hafði á kvörtunum yfir því að þvottur ýmist týndist eða væri ekki rétt þveginn.
6. Í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2004-2005 er lagt til að skólinn taki skýra afstöðu til vinnu nemenda með námi og birti hana á vef skólans. Afstaða skólans hefur komið fram í ræðum skólameistara en hefur þó ekki verið sett á vefinn.
7. Afgreiðslutími skólans var lengdur til kl. 15:00 en á móti kemur að lokað er í hádeginu og kaffitíma en sú var ekki raunin áður.

Það sem hefur ekki enn áunnist

Þær útbótatillögur sem settar voru fram en er ekki byrjað að vinna að ennþá eða ekki hafa náð fram að ganga eru eftirfarandi:

1. Skólaárinu hefur ekki verið breytt og hefur umræða um kosti og galla núverandi skólaárs MA legið í láginni undanfarin 2-3 ár. Kominn er tími til þess að endurvekja þá umræðu og skólastjórnendur þurfa að skýra stefnu skólans í þeim efnum.
2. Ekki hefur farið fram skipuleg umræða um hvort og hvernig skólinn eigi að bregðast við slökum árangri í einstökum áföngum.

3. Eineltismál voru rædd í Nemendaverndarráði síðasta skólaár en ekki hefur verið útfært hvernig starfsfólk eigi að bregðast við ef grunur um einelti vaknar.
4. Forfallakennsla hefur ekki verið skipulögð ennþá, þrátt fyrir að utanlandsferðir nemenda og starfsmanna hafi á undanförunum árum orðið æ stærri þáttur í náminu. Ekki hafa heldur verið settar starfsreglur um hverjar skyldur kennara séu sem fara utan á skólatíma. Þó er vert að taka fram að á síðasta skólaári reyndi nýráðinn verkefnisstjóri í erlendum samskiptum að skipuleggja utanlandsferðir nemendahópa með þeim hætti að þær lentu sem flestar í sömu vikunni. Það hafði þau áhrif að skólastarf raskaðist minna en ella.
5. Ný þróunaráætlun fyrir Menntaskólann á Akureyri hefur ekki litið dagsins ljós. Þó má nefna að starfandi nefnd um markmið og framtíðarsýn skólans er vissulega að vinna að þessu.
6. UST-áætlun fyrir skólann hefur ekki verið endurnýjuð en síðasta áætlun rann út árið 2005.
7. Aðstaða nemenda til þess að matast hefur ekki batnað.

6. Úrbætur

Úrbætur sem þarf að vinna að strax:

1. Enn þarf að halda áfram stefnumótunarvinnu, skoða ferla brauta, jafna álag á önnum og svara þeirri spurningu hvert skólinn stefnir í komandi framtíð. Yfirvöld menntamála virðist stefna að þriggja ára námi til stúdentsprófs og því er nauðsynlegt að starfsfólk MA sé vel undirbúið fyrir þær breytingar sem stefnt er að, hvort sem verður af þeim eður ei. Til þess þarf markvissa umræðu og undirbúning.
2. Nauðsynlegt er auka tengsl starfsfólks MA og VMA við nemendur og starfsfólk á heimavist með einhverjum hætti. Niðurstöður rýnihópa og könnunar leiddu skýrt í ljós að bæði nemendum og starfsfólki heimavistar finnst afskipti skólanna af málefnum heimavistarinnar vera of lítil. Jafnvel þó skólarnir reki heimavistina ekki lengur, þá verður starfsfólk þeirra að vera meðvitað um það hvað er í gangi á þessu stóra heimili. Það þarf því að fara vandlega í saumana í því hvernig hægt er að breyta þessu.
3. Samskipti við forráðamenn heimavistarbúa þyrfti að gera markvissari, sérstaklega þegar um er að ræða ólöggráða ungmenni. Því markmiði mætti t.d. ná með

- fréttabréfi á hverri önn, þar sem forráðamenn eru upplýstir um gang mála á heimavistinni eða jafnvel með því að setja upp vefsíðu fyrir heimavistina. Einnig mætti koma upplýsingum til forráðamanna heimavistarbúa í gegnum miðannarmat eða nýta umsjónarkennara í auknum mæli í þessum tilgangi.
4. Taka þarf betur á móti heimavistarbúum frá VMA á haustin, annaðhvort með því að krefja þá ekki um greiðslu fyrir þá daga sem hótelið er ennþá starfandi eða með því að láta þessa nemendur fá herbergið sitt strax (í stað þess að þurfa að flytja sig um set þegar hótelið hættir störfum).
 5. Vaktmönnum þyrfti að fjölga – sérstaklega um helgar.
 6. Gera þarf ýmsar upplýsingar aðgengilegri fyrir heimavistarbúa. Stungið er upp á því að koma upp heimasíðu með helstu upplýsingum eða útbúa upplýsingabækling sem dreift er á hvert herbergi.
 7. Efla þarf Heimavistarráð og auka áhrif íbúa í ákvarðanatöku Lundar. Mörgum íbúum finnst þeir ekki hafa mikil áhrif og þannig nefna 27% vistarbúa í könnuninni af þeim hafi lítil áhrif á gang mála á heimavistinni.

Úrbætur sem þarf að undirbúa sem fyrst

1. Stungið er upp á því að bjóða starfsmönnum heimavistar upp á námskeið þar sem tekin verða fyrir efni eins og forvarnir, samskipti og líðan íbúa og starfsfólks o.fl. Á stóru heimili eins og heimavistinni er afar brýnt að samskipti á milli starfsfólks og íbúa séu góð og reyndar kemur fram í könnuninni að meirihluti íbúa er ánægður með þessi samskipti. Þó nefnir þriðjungur íbúa að samskipti við öryggisverði hafi verið misjöfn og 17% nefna að þeir mæti ósanngirnir og/eða tómlæti þegar þeir komi með kvartanir eða athugasemdir til starfsmanna heimavistar.
2. Bæta þarf sameiginlega aðstöðu heimavistarbúa, koma fyrir fleiri sófum og gera seturstofur heimilislegrar. Brýnt er að hafa heimavistarbúa með í ráðum þegar ákvarðanir eru teknar um slíkt.
3. Lagt er til að herbergjaskoðanir á heimavistinni verði nýttar markvisst til þess að athuga almenna líðan heimavistarbúa. Ef til vill væri hægt að útbúa tékklista þar sem starfsfólk spyr íbúa fyrirfram ákveðinna spurninga í þessum tilgangi.
4. Töluverður hluti vistarbúa er óánægður með umgengni á heimavistinni og nefnir í heimavistarkönnuninni að framin hafi verið skemmdarverk síðasta vetur, skilti eyðilögð, rusl sé í matsal, á göngum og á lóð heimavistar og að umgengni um lyftu sé slæm. Því þarf að taka á umgengni á vistinni með skipulögðum hætti og

stungið er upp á því að nemendum sem ganga vel um og hlýta reglum verði umbunað.

5. Skoða þarf hvort hægt sé að auka næði á heimavistinni, þar sem 18% vistarbúa gefa næði falleinkunn í heimavistarkönnuninni.
6. Afgreiðslutíma mótuneytis í hádeginu mætti að ósekju lengja eitthvað, nemendum finnst þeir oft þurfa að bíða lengi í biðröð í hádeginu.

Úrbætur sem vinna þarf að í náinni framtíð

1. Áfram þarf að auka forvarnir á heimavistinni.
2. Meirihluti heimavistarbúa telur stafa óþægindum af mismunandi próftíðum skólanna. Skoða þarf hvort og hvernig sé hægt að bæta þarna úr.
3. Notkun öryggismyndavéla á heimavistinni er atriði sem vert er að skoða. Þó heimavistarkönnunin leiði í ljós að flestir íbúar séu sáttir við núverandi notkun þeirra og öruggir um eigin sínar, þá eru þó 23% íbúa ósáttir. Ekki kemur fram af hverju óánægjan stafar en ljóst er að á hverju ári þarf að fræða vistarbúa um tilgang myndavélanna, hverjir hafi aðgang að þeim og hvaða reglur gilda um þær.

7. Næstu skref í sjálfsmatinu

1. Haustið 2006 verða niðurstöður heimavistarúttektar kynntar hagsmunaaðilum eins og fram hefur komið. Auk þess er ætlunin að vinna frekar með Heimavistarráði, Lundi, starfsfólki heimavistar og skólastjórnendum að umbótaáætlunum og jafnvel koma á íbúáþingi á heimavistinni.
2. Áfram verður haldið með lýðræðislegt sjálfsmat. Vonandi getur Sigurlína Davíðsdóttir hitt sjálfsmatsnefnd skólans í október næstkomandi, þar sem starf síðasta vetrar verður rætt og framhaldið skipulagt. Fjalla þarf sérstaklega um hvað gera eigi við niðurstöðurnar, þegar deildir hafa lokið við sjálfsmatsverkefni sín og gert grein fyrir niðurstöðum sínum í námsgreinastjórnaskýrslu. Það er góðra gjalda vert að meta núverandi ástand í skólanum og gera grein fyrir því í skýrslum en mikilvægast er þó að nýta niðurstöðurnar til umbótastarfs í skólanum. Það verður verkefni næsta vetrar.

3. Endurskoða þarf fyrirkomulag áfangakannana. Nú hafa allar námsgreinar gengið í gegnum áfangamat og tími til kominn að meta hvernig til hefur tekist. Sjálfsmatsnefnd þarf að glíma við þá spurningu hvernig best sé að haga áfangakönnunum. Á að kanna alla áfanga á hverri önn eða halda núverandi fyrirkomulagi? Starfsmannaviðtöl eru auk þess tímafrek og spurning hvort hægt sé að taka slík viðtöl á ári hverju.
4. Gera þarf verkáætlun fyrir sjálfsmat sem nær þrjú ár fram í tímann.
5. Áhugavert væri að halda áfram að skoða einkunnir og skólasókn eftir búsetu.

Að lokum:

Í vetur hefur starfsfólk MA tekið þátt í sjálfsmati skólans með beinni hætti heldur en verið hefur – eins og hefur verið rakið í þessari skýrslu. Ljóst er að meiri vinna fylgir því fyrir starfsfólk að taka þátt í lýðræðislegu sjálfsmati heldur en að láta sjálfsmatsnefnd skólans alfarið sjá um þessi mál. Jafnvel þó lögð hafi verið áhersla á að deildirnar vinni lítil, afmörkuð og viðráðanleg verkefni, þá þarf starfsfólk skólans alltaf að leggja einhverja vinnu af mörkum. Vonandi verða starfsmenn ánægðir með þessar sjálfsmatsaðferðir þegar þeir sjá ávexti erfiðis síns, sjá árangur í bættu skólastarfi. Þess má geta að samkvæmt rannsóknum Sigurlínu Davíðsdóttur og Penelope Lisi hefur ánægja aukist í þeim íslensku skólum sem hafa nýtt sér fyrrnefnt lýðræðislegt sjálfsmat⁵ og væri fróðlegt að gera slíka athugun í MA eftir 1-2 ár.

Starfshópur um sjálfsmat í Menntaskólanum á Akureyri þakkar starfsfólki skólans, starfsfólki Lundar, foreldrum og nemendum sem tóku þátt í sjálfsmati skólans á skólaárinu og lögðu þannig sitt af mörkum til þess að þróa og bæta skólastarfið.

Menntaskólanum á Akureyri
20. september 2006

Anna Sigríður Davíðsdóttir

Harpa Sveinsdóttir

Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

Stefán Þór Sæmundsson

Þorbjörg Þorsteinsdóttir

⁵ Sigurlína Davíðsdóttir og P. Lisi. 2004.

8. Heimildaskrá

Bóklegar heimildir:

Fetterman, D.M. 2001. *Foundations of empowerment evaluation*. London: Sage.

McNamara, G. og O'Hara, J. (2004). Trusting the teacher: Evaluating educational innovation. *Evaluation*, 10(4):463-474.

Sigurlína Davíðsdóttir og P. Lisi. 2004. Áhrif lýðræðislegs verklags á sjálfsmat í skólum. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum V*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun HÍ og Háskólaútgáfan.

Netheimild:

[Http://www.scu.edu.au/schools/gcm/ar/whatisar.html](http://www.scu.edu.au/schools/gcm/ar/whatisar.html)